


Sjöfaldur persónuleiki

- Guðjón Davíð Karlsson þarf að hafa hraðar hendur í leikritinu *Heima er best*
- Fegruð fortíðarsaga sett upp í síendurteknum farsa ● Frumsýnt annað kvöld



Heima er best Guðjón Davíð, Pröstur Leó og Jörundur í hlutverkum sínum í verkinu. Pröstur Leó leikur föður sem stjórnar sonunum með harðræði.

Eftir Ingvaldi Geirsdóttur
ingveldur@mbl.is

„ÞETTA er írskt verk um feðga sem búa í íbúð í London, faðirinn hefur lokað syni sína tvo inni í hartnær tuttugu ár og lætur þá endurtekið hvern einasta dag leika farsa sem hann hefur samið sjálfur. Farsinn er hans fortíðarsaga og ástæðan fyrir því af hverju þeir fluttu frá Írlandi til London,“ segir leikarinn Guðjón Davíð Karlsson um söguþráð leikrithins *Heima er best* sem frumsýnt verður á nýja sviði Borgarleikhússins annað kvöld.

„Með því að láta þá endurtaka farsann er faðirinn að reyna að breyta minningum þeirra um óhugnanlega atburði í sögu fjölskyldunnar. Hann fegrar fortíðina aðeins og það kemur alltaf betur og betur í ljós að sagan er ekki alveg eins og hann setur hana fram,“ bætir hann við.

Heima er best er eftir írka leikskáldi Enda Walsh, Jón Páll Eydólfsson leikstjóri verkinu. Pröstur Leó Gunnarsson fer með hlutverk föðursins og Guðjón og Jörundur Ragnarsson leika synina. Dóra Jóhannsdóttir fer líka með hlutverk í verkinu.

Kolsvört kómedía á köflum

Guðjón segir erfitt að flokka leikritið og það muni líklega bara fara eftir áhorfendum hvort þeir sjái þetta sem farsa eða drama. „Þetta er kolsvört kómedía á köflum en undirliggjandi er alltaf þessi mikla ógn og hræðsla strákanna við föður sinn. Það eru svo mörg lög í þessu verki, t.d. eru mjög margar persónur í þessum farsa pabbans,“ segir Guðjón sem leikur soninn á fullorðinsárum og sem barn, þrjár konur og mann sem er klæðskiptingur og því tvöfaldur karakter. Má því segja að hann fari með hlutverk sjö persóna í verkinu. „Heilinn var svolítið steiktur framan af æfingatímabilinu þegar

Verður líka í bíó

Morgundagurinn verður stór í lífi Guðjóns. Á sama tíma og hann frumsýnir *Heima er best* verður íslenska barnamyndin *Algjör Sveppi og leitin að Villa* frumsýnd en Guðjón leikur strákinn Góa í henni. „Sveppi leitar til mín þegar Villa vini hans er rænt og við förum saman í mjög hættulegan leiðangur,“ segir Guðjón. „Þegar ég var lítil langaði mig að leika í bófa- og hasarmyndum en datt ekki í hug að sá draumur myndi rætast en svo hringdi Sveppi og draumurinn rættist.“

ég var að átta mig á þessu öllu. Það var líka ekki til að bæta það þegar við sáum viðtal við höfund verksins þar sem hann sagði að hann hefði ákveðið að gera leikrit sem væri ómögulegt að leika. Þá hugsaði ég að þetta ætti aldrei eftir að takast en við sönnum með þessari uppsetningu að hann hefur rangt fyrir sér.“

Yfir átta hundruð sýningar

Guðjón er þekktastur fyrir gamanhlutverk sín og segir því gott fyrir sig sem leikara að takast á við þetta hlutverk. „Annars hef ég verið það heppinn að fá að takast á við ýmislegt þótt gamanrullurnar hafi verið mest áberandi,“ segir Guðjón sem hefur varla vikið af sviðinu síðan hann útskrifaðist úr leiklistarnámi fyrir fjórum árum. „Ég réð mig strax eftir útskrift til Leikfélags Akureyrar, þegar Magnús Geir var leikhússtjóri þar, og svo fór ég yfir í Borgarleikhúsið með honum. Ég var að taka það saman að ég er búinn að leika rúmlega 800 sýningar á fjórum árum. Fyrir utan kvikmyndir, sjónvarp og talsetningu. Ég get ekki kvartað yfir verkefnaskorti.“

